

Samstaða á aðalfundi SSA

Fertugasti og áttundi aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var haldinn um síðustu helgi. Fjöl margar tillögur að ályktunum voru ræddar og voru þær nær allar samþykktar samhljóða. Sigrún Blöndal frá Fljótsdalshéraði var kjörin nýr formaður SSA.

Fundinn sátu sveitarstjórnarmenn, alþingismenn og aðrir gestir, alls um 100 manns. Að venju var mikill fjöldi ályktana samþykktur og veur það sérstaka athygli að þær voru nær allar samþykktar samhljóða. Að venju sköpuðu sum mál miklar umræður. Samgöngumálin voru áberandi og var ályktun um Egilsstaðaflugvöll fremst allra ályktana um samgöngumál. Er það til marks um að samstaða sé á meðal sveitarstjórnarmanna á Austurlandi að uppbygging flugvallarins og markaðssetning hans sé forgangsverkefni. Skorað var á ríkisvaldið að búa flugvöllinn, sem er varaflugvöllur Keflavíkurflugvallar, þannig úr garði að hann uppfylli kröfur um þjónustustig vegna aukinnar umferðar. Brýnt sé að ríkið tryggi nauðsynlegt fjármagn til þessara framkvæmda, þá sérstaklega flughlaða og um leið að ríkið móti sér framtíðarstefnu um Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll.

Fundurinn samþykkti jafnframt að næsta forgangsmál í jarðgangagerð á Austurlandi yrðu göng undir Fjarðarheiði. Þá lagði fundurinn áherslu á að nægt fjármagn yrði lagt í rannsóknir á jarðgangakostum til tengingar miðsvæðis Austurlands, hugmynd sem jafnan gengur undir nafninu „Samgöng“.

Eldsumbrotin norðan Vatnajökuls

Á fundinum var talsvert rætt um eldsumbrotin norðan Vatnajökuls. Fundurinn skoraði á ríkisvaldið að tryggja fjármagn til rannsókna og vöktunar á meðan þetta ástand varir. Fundurinn beindi því jafnframt til stjórnar SSA að unnin yrði sameiginleg viðbragðsáætlun fyrir Austurland allt og er sú vinna þegar hafin.

Nýr formaður kjörinn

Ný stjórn var kjörin á fundinum og hana skipa Gunnar Jónsson, Sigrún Blöndal, Gauti Jóhannesson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson og Stefán Grímur Rafnsson. Sigrún var kjörin nýr formaður stjórnar SSA á fyrsta fundi stjórnar og tekur hún við af Valdimari O. Hermannssyni. Sigrún hefur verið bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði frá 2010 og er nú forseti bæjarstjórnar á Fljótsdalshéraði. Hún hefur áður setið í stjórn SSA og stjórn Austurbrúar auk þess að sitja í starfshópum og nefndum á vegum Fljótsdalshéraðs, SSA og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð aðalfundarins fylgir með sem viðhengi.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Blöndal í síma 847 8121.